

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi Akratorgsreits.

Á fundi bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar sem haldinn var þann 12. nóvember 2006, var samþykkt deiliskipulagsbreyting á lóðunum nr. 4-6 við Kirkjubraut og 69 við Suðurgötu.

Breytingin felst m.a. í að lóðin númer 69 við Suðurgötu sameinast að stórum hluta lóð númer 4-6 við Kirkjubraut. Lóðin númer 69 við Suðurgötu verður lóð fyrir bílageymslu.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 5. janúar 2007.

Þorvaldur Vestmann,
sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs.

B-deild – Útgáfud.: 8. janúar 2007